

Mitt annað heimili

Greinargerð

Heba Shahin



Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Íþróttá-, tómstunda-, og þroskajálfadeild,
tómstunda- og félagsmálafræði
Apríl 2010

Lokaverkefni til B.a.- gráðu

Heimildarmynd um tvo ólíka menningarheima

Greinargerð

Heba Shahin

260584-3249

Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Tómstunda- og félagsmálafræði
Apríl 2010

Inngangur

Á síðastliðnum árum hefur innflytjendum fjölgað á Íslandi og má því segja að á Íslandi þrífist fjölmenningsarsamfélag. Ástæðurnar fyrir þessari fjölgun geta verið margvíslegar, til að mynda flytur fólk til Íslands í leit að betri lífskjörum, sumir eiga skyldmenni eða maka hér á landi eða þeim er ógnað í eigin heimalandi og þurfa því að leita skjóls annars staðar.

Þessi heimildarmynd var gerð bæði vegna þess að undirrituð hefur persónulega þekkingu þessara ólíku menningarheima, það er að segja arabíska menningu og íslenska menningu og einnig vegna þess að vilji var fyrir hendi að varpa ljósi á félagsleg málefni palenstínsku flóttamannana sem komu til Íslands árið 2008 frá flóttamannabúðum í Írak.

Flóttamennirnir hafa alla tíð búið í samfélagi þar sem siðir og venjur eru allt öðruvísi heldur en þær sem tíðkast hér á landi. Því er ekki erfitt að geta sér til um að það geti orðið mikið menningarafall að flytja til Íslands og þurfa að aðlagast íslenskri menningu. Til dæmis tíðkast ekki að konur stundi líkamsrækt í líkamsræktarstöð þar sem bæði konur og karlar eru saman eða kíkja í heimsókn til vinkonu og vera langt frameftir kvöldi en þetta tvennt er nokkuð eðlilegt fyrir vestrænar konur.

Það hjálpaði gríðarlega að þekkja til beggja menningarheima því að viðmælendur heimildarmyndarinnar gátu talað móðurmál sitt sem hefur mikið að segja um að rétt túlkun komst til skila og einnig náðist að byggja upp gagnkvæmt traust.

Heimildarmyndin sýnir aðallega félagslegu hliðar flóttafólksins og hvernig velferðarsamtök hafa hjálpað til við að bæta lífsgæði þeirra.

Útdráttur

Gerð var heimildarmynd sem átti að varpa ljósi á ólíka menningarheima, annars vegar menningu Íslands og hins vegar menningu í Palestínu og hvernig það gengur að samræma þessa tvo ólíku menningarheima á Íslandi. Einnig var hugað að samtökum á Íslandi sem hafa hjálpað flóttafólkinu að aðlagast íslensku samfélagi.

Tekin voru viðtöl við flóttafólk frá Palestínu sem fluttu til Íslands árið 2008 frá flóttamannabúðum í Írak. Ásamt flóttafólkinu voru einnig tekin viðtöl við sniðgöngustjóra félagsins Ísland-Palestína og forstöðustýru Jafnréttishúss. Viðtölin voru tekin upp á upptökuvél og síðan klippt saman með hjálp klippara frá Stöð 2 en auka myndefni voru einnig fengin frá fréttum Stöðvar 2. Farið var nokkrum sinnum á Akranes þar sem flóttafólkið býr og tóku þau mjög vel á móti okkur. Þar sem flóttafólkið hefur aðallega fengið athygli hér á landi fyrir að hafa búið í flóttamannabúðum var ákveðið að fara aðra leið að þessu sinni og var einblínt á félagslegu hliðar þeirra.

Ekki voru ákveðnar fyrirfram hvaða spurningar yrðu lagðar fyrir en markmiðið var að fá nokkurs konar hugmynd um hvernig flóttafólkinu líði á Íslandi, hvort að þau stundi einhverjar tómstundir, hvernig líf þeirra hefur breyst eftir flutningana til Íslands og hvernig þeim hefur tekst að aðlagast íslensku samfélagi.

Flóttafólkið frá Palestínu var mikið í fréttum þegar þau komu til Íslands og var fylgst með þeim í nokkra daga eftir komu þeirra. Hins vegar vantar eftirfylgni og því var það einnig markmiðið með þessari heimildarmynd að sýna fram á líðan flóttafólksins og framgang þeirra mála.

Helstu niðurstöður heimildarmyndarinnar eru að flóttafólkinu líður vel á Íslandi en mundu frekar kjósa að búa í Reykjavík. Auka mætti tungumálakennslu til þess að flýta fyrir aðlöguninni í samfélagið en lífsgæði þeirra hafa batnað til muna. Þau hafa fengið aukin tækifæri á að rækta áhugamálin sín og taka þau frelsinu fagnandi.

Fræðileg umfjöllun

Það hefur geysað stríð í Palestínu í marga áratugi en það stríð á aðallega rætur sínar að rekja til pólistíks ágreinings, landsyfírráða og trúarbragða.

Pólitíski ágreiningurinn víkkaði til muna á fyrri hluta ársins 2007 og leiddi til mismunandi flokksklíkna, annars vegar á milli vestur hlutans og hins vegar Gaza svæðisins.

Stríðsástandið í Palestínu hefur leitt til þess að hundruðir ef ekki þúsundir manna hafa þurft að yfirgefa heimili sín og mörg hver hafa þurft að yfirgefa land sitt. Efnahags og félagsleg vandamál herjuðu á landsmenn sérstaklega þegar Ísraelar hernámu Gaza svæðið, settu upp vegartálma og bönnuðu umferð til og frá Gaza svæðinu. (Amnesty International Report, 2008).

Þegar augljóst er að mikil ósanngirni ríkir í einu landi fer hugurinn ósjálfrátt að hugsa um hugtök sem flestir vesturlandabúar hafa mest alla tíð alist upp við eins og mannréttindi, siðferði og frelsi og einnig hvort að fólk sem lifir í stríðshrjáðum löndum viti og skilji þessi hugtök.

Mannréttindi

Inngangur Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna sem var samþykkt

10. desember 1948 hljóðar svo :

“Það ber að viðurkenna að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.”

“Hafi mannréttindi verið fyrir borð borin og lítilsvirt, hefur slíkt í för með sér siðlausar athafnir, er ofboðið hafa samvisku mannkynsins, enda hefur því verið yfir lýst, að æðsta markmið almennings um heim allan sé að skapa veröld, þar sem menn fái notið málfrelsis, trúfrelsis og óttaleysis um einkalíf og afkomu.”

“Mannréttindi á að vernda með lögum. Að öðrum kosti hljóta menn að grípa til þess örþrifaráðs að rísa upp gegn kúgun og ofbeldi.” (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.).

Augljóst er að ekki eru mannréttindi fólks virt í stríðshrjáðum löndum, sum börn fæðast með skriðdreka í garðinum hjá sér og halda að það sé eðlilegt ástand. Þau gera

sér kannski ekki grein fyrir því hvað frelsi er og hvaða réttindi þau hafa sem mannverur en til þess að hjálpa fólki í stríðshrjáðum löndum hafa sprottið upp mörg mannúðarsamtök svo sem Rauði krossinn sem er starfræktur um allan heim.

Rauði Kross Íslands

Rauði Kross Íslands var stofnaður 10. desember 1924. Félagið nýtur viðurkenningar alþjóðaráðs Rauða krossins, ríkistjórnar Íslands og er aðili að Alþjóðasambandi landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Félagið hefur þá sérstöðu meðal félagssamtaka að tilvist þess er grundvölluð í alþjóðlegum mannúðarlögum, samningum sem ríkisstjórn Íslands hefur gert á alþjóðavettvangi.

Félagið tekur virkan þátt í hjálparstarfi Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Sendifulltrúar þess hafa starfað á vígvöllum víða um heim, heimsótt fanga, borið skilaboð yfir víglínuna, dreyft matvælum til óbreyttra borgara, hlúð að stríðsærðum og starfað á margvíslegan annan hátt í samræmi við mannúðarhugsjónina og Genfarsamningana. (Genfarsamningarnir, 2004).

Félagið Ísland-Palestína

Á Íslandi er starfrækt félag sem heitir Ísland-Palestína en það var stofnað á Íslandi 29. nóvember 1987 (Félagið Ísland-Palestína, e.d.). Eins og fram kemur í heimildarmyndinni hefur félagið ekki verið að einbeita sér að flóttafólki á Íslandi heldur frekar verið að hjálpa til við að senda sjálfboðaliða út til Palestínu ásamt því að sjá um allskonar fjáraflanir sem eru síðan sendar til mannúðarsamtaka og verkefna sem hjálpa fólki í Palestínu.

Markmið félagsins var frá upphafi að stuðla að jákvæðum viðhorfum til ísraelsku og palestínsku þjóðanna og vinna gegn hvers kyns aðskilnaðarstefnu. Félagið hefur stutt baráttu Palestínumanna gegn hernámi og rétt flóttafólks til að snúa heim. Þann 18. maí 1989 náðist samstaða á Alþingi um ályktun sem fól í sér stuðning við öll meginmarkmið félagsins, tilverurétt Ísraelsríkis og þjóðarréttindi Palestínumanna. (Félagið Ísland-Palestína, e.d.).

Þrátt fyrir að félagið einblíni ekki á flóttafólk á Íslandi var það í móttökunefnd flóttafólksins frá Palestínu sem komu hingað til lands 2008. Meðal annars sá

félagið um fjáröflun á gervihnattadiskum fyrir flóttafólkið til þess að fólkinu fyndist þau ekki alveg rifin úr sambandi við sitt arabíska samfélag. Var það gert til þess að þau gætu fylgst með stöðu heimalands síns og ekki síst til afþreyingar og dægrastyttinga.

Á síðustu árum hefur meginþungi í starfi félagsins snúið að hjálparstarfi á herteknu svæðunum. Annars vegar hefur verið í gangi neyðarsöfnun frá haustinu 2000 til að styrkja hjálparstarf og hins vegar hefur félagið undirbúið og styrkt ferðir sjálfbóðaliða sem hafa flestir farið til hjálparstarfa á vegum Palestínsku læknishjálparnefndanna (UPMRC), en þau samtök unnu til viðurkenningar WHO, alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar árið 2002 fyrir framlag til heilsugæslu við erfiðar aðstæður. Nú hefur tekist að safna rúmum 5 milljónum króna sem runnið hafa til hjálparstarfa og um 30 sjálfbóðaliðar hafa haldið til hjálparstarfa á vegum félagsins. (Félagið Ísland-Palestína, e.d.)

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna

Mikið er lagt upp úr því að fólk öðlist frelsi og að það sé ekki heft vegna ofsókna eða hræðslu. Það þarf ekki að þýða að allir sem lifa á herteknu svæðunum viti hvað frelsi er því að það hefur jafnvel aldrei upplifað það. Oft getur verið erfitt að setja sig í spor þeirra sem aldrei hafa öðlast frelsi því að í huga margra er frelsi sjálfsgættur og meðfæddur hlutur. Að vera frjáls eru sjálfsgætt mannréttindi en vitaskuld eru sumir sem misnota sér frelsið og gera hluti sem samfélagið samþykkir ekki og eru því sviptir frelsinu til að mynda með því að drepa eða stela. Hins vegar eru aðrir sem fara eftir lögum og reglum samfélagsins en lifa samt í ótta, valdbeitingu eða kúgun og því miður eiga þessir hlutir sér oft stað á herteknum svæðum.

Hlutir sem fá fólk til þess að flýja land sitt geta verið margvíslegir til að mynda geta ástæðurnar verið allt frá efnahagsástandi, matarskorts eða hræðslu vegna ofsókna. Sá sem flýr heimaland sitt telst vera flóttamaður samkvæmt Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1951 ef:

„Er utan heimalands síns ... og af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana, og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands; eða þann sem er ríkisfangslaus, og er utan þess lands, þar sem

hann áður hafði reglulegt aðsetur, vegna slíkra atburða og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, hverfa aftur þangað.“ (UNHCR,2010)

Ein stofnun sem sér um að vernda rétt og veita flóttamönnum heims aðstoð heitir Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stofnaði Flóttamannastofnun árið 1951 og í upphafi var aðal áherslan lögð á að aðstoða flóttamenn eftir seinni heimsstyrjöldina (Rauði Kross Íslands, e.d.-a).

Þátttaka Íslands í flóttamannavanda heimsins frá því að Flóttamannasamningurinn gekk í gildi hér árið 1955 hefur að mestu falist í viðtöku á svokölluðum kvótaflóttamönnum en þá er hópi fólks sem skilgreint hefur verið sem flóttamenn boðið að setjast að hér á landi og stjórnvöld sjá um alla aðlögun, finna húsnæði og vinnu í mörgum tilvikum, kennslu fyrir börn og alla þá aðstoð sem þurfa þykir. (Kristján Skúli Sigurgeirsson, 1981)

Sú spurning hver munurinn er á hælisleitendum og flóttafólki getur sprottið upp þegar rýnt er í gögn. Ekki þarf að vera mikill munur þar á en hælisleitandi telst vera einstaklingur sem sækir um hæli utan eigin ríkis, er hann fyrst skilgreindur sem hælisleitandi af stjórnvöldum í viðkomandi landi. (Rauði Kross Íslands, e.d.-b).

Í stuttu máli þá er munurinn á flóttafólki og hælisleitendum sá að fólk sem flýr land sitt og sækir um að setjast að í öðru landi nefnist hælisleitandi og ef stjórnvöld fallast á umsóknina um hæli breytist staðan úr hælisleitanda í flóttamaður.

Ekki er auðvelt að gera sér grein fyrir því hvað það eru margir flóttamenn á Íslandi og því má sjá hér fyrir neðan tölulegar upplýsingar sem fengnar eru af síðu Rauða Kross Íslands.

Ár	Fjöldi flóttamanna	Ennþá búsettir á Íslandi	Upprunaland	Móttökusveitarfélag
1956	52	14	Ungverjaland	
1959	32	4	Fyrrum Júgóslavía	
1979	34	21	Víetnam (S)	
1982	26	3	Pólland	
1990	30	29	Víetnam (N)	
1991	30	23	Víetnam(N)	
1996	30	29	Króatía	Ísafjörður
1997	17	15	Króatía	Hornafjörður
1998	23	23	Króatía	Blönduós

1990	75	36	Serbía & Svartfjallaland (Kosovo)	Hafnarfjörður, Fjarðarbyggð og Dalvík
2000	24	24	Króatía	Siglufjörður
2001	23	23	Króatía	Reykjanesbær
2003	24	24	Króatía	Akureyri
2005	31	31	Kólumbía og Serbía & Svartfjallaland (Kosovo)	Reykjavík
2007	30	30	Kólumbía	Reykjavík
Samtals	481	321		

(Rauði Kross Íslands, e.d.-c).

Samfélag

Síðast en ekki síst ber að huga að því hvað samfélag er. Ísland er næst stærsta eyja í Evrópu, Atlantshafið umlykur eyjuna og því telja margir að þessi eyja sem Ísland er sé einangruð, ekki hjálpar til að íbúar eyjunnar eru aðeins í kringum 320 þúsund. Þrátt fyrir einangrun og fáa íbúa hefur Íslandi tekist að skapa prýðis samfélag og með aukinni hnattvæðingu er þessi eyja ekki jafn einangruð eins og margir íbúar heims halda. Áður en rýnt er í íslenskt samfélag er betra að huga aðeins að hvað hugtakið samfélag þýðir.

Samfélag er hópur fólks sem býr saman í skipulögðum félagsskap. Fólk sem hefur samskipti hvert við annað myndar samfélag, og samfélögin geta verið bæði lítil og stór. Minnstu samfélögin sem maður tilheyrir eru fjölskyldan og vinahópurinn. Næst kemur sveitarfélagið, þá Ísland, Evrópa og loks alheimssamfélagið sem allir íbúar jarðar eru hluti af. (Vísindavefurinn, 2006).

Það liggur beinast við að sumt sem viðgengst í íslensku samfélagi viðgengst til dæmis ekki í arabísku samfélagi og því veltir maður því fyrir sér hvernig flóttamönnunum frá Palestínu hefur gengið að aðlagast íslensku samfélagi. Til að mynda viðgengst ekki í arabísku samfélagi að konur fari í sund en á Íslandi telst það vera sjálfsagður hlutur. Breytingin er gífurleg og frelsið er meira eins og kemur fram í heimildarmyndinni. Þótt flóttafólkið taki þessum breytingum fagnandi þá þýðir það alls ekki að þau séu tilbúin til að fara útfyrir siðferðismörk eða venjur sem þau eru alin upp við í sínu eigin heimalandi.

Niðurstöður

Fólk af erlendum uppruna hefur undanfarin ár leitað eftir hæli á Íslandi vegna aðstæðna í heimalandi sínu, því er nauðsynlegt að þjóðfélagið kalli á breytt viðhorf og taki þessum breytingum fagnandi.

Á Íslandi hafa stjórnvöld uppfyllt öll grundvallarskilyrði alþjóðasamninga varðandi haelisleitendur og eru því mjög framarlega í þessum málum miðað við mörg önnur ríki. Hins vegar hafa íslensk stjórnvöld verið helst gagnrýnd fyrir að vera of þröngsýn á hugtakið ofsóknir sem er jú megin forsenda þess að fólk sækir um hæli annars staðar en í heimalandi sínu.

Lífsgæði flóttamanna hafa batnað til muna eftir að hafa fengið hæli á Íslandi. Til að mynda fá þau að stunda tómstundir, fá að labba um frjáls og upplifa ekki hræðslu eins og þau gerðu í sínu heimalandi.

Sum atriði mætti samt bæta að þeirra mati. Til að mynda finnst þeim Akranes ekki vera besti staðurinn til að búa á því að þeim finnst þau vera einangruð og eins eru færri atvinnutækifæri á Akranesi heldur en til dæmis í Reykjavík.

Mikilvægur partur af því að aðlagast samfélagi er að kunna tungumálið og vissulega hefur flóttafólkið fengið kennslu, en sú kennsla hefur gengið erfiðlega því að flest kunna ekki ensku og því hafa samskiptin gengið fremur erfiðlega. Þeim finnst að það mætti leggja meiri áherslu á tungumálakennslu því að forsenda þess að geta fengið vinnu er að kunna tungumálið eða allavega ensku. Segja má að þau séu í nokkurs konar vítahring því að áhrifarík leið til þess að læra tungumálið sem fljótlegast er að umgangast heimafolkíð sem mest og stór partur af því er að vinna með þeim.

Flóttafólkið frá Palestínu eru múslimar og er sú trú mjög sterk í þeim öllum. Þau iðka ennþá sína trú þrátt fyrir að hún viðgengst mjög lítið á Íslandi og er mjög aðdáunarvert að fylgjast með hversu opin þau eru fyrir nýjungum en passa sig samt á að fara ekki útfyrir eigin venjur og siði.

Það sem þessi heimildarmynd á að sýna er að þrátt fyrir að íslenskt samfélag sé allt öðruvísi en arabískt samfélag þá er vel hægt að samræma þessi ólíku samfélög til að út komi bættari lífsgæði og þar af leiðandi meiri hamingja.

Tillögur að úrbótum

Mikið er lagt upp úr því að hjálpa flóttamönnum að aðlagast íslensku samfélagi á sem skemmstum tíma en þá getur myndast mikið álag.

Fram hefur komið að tungumálakennsla sé of lítil og þá er aðallega átt við lengd tímabilsins og því má líta á námsfyrirkomulag hjá Menntaskólanum Hraðbraut sem fyrirmynd en þar eru teknar lotur. Hver lota er í kringum sex vikur að lengd og er hver lota fjórar vikur í kennslu og síðan taka við próf sem taka eina viku. Að því loknu er hlé í eina viku, nema nemandi hafi ekki staðist próf (Menntaskólinn Hraðbraut, e.d.).

Annað sem kom í ljós var að Akranes hentaði flóttamönnunum ekki nógu vel því þeim fannst vera mikil einangrun á Akranesi. Því liggur beinast við að flytja þau til Reykjavíkur en vitanlega er leigan dýrari í Reykjavík heldur en á Akranesi. Ein hugmynd sem kviknaði var sú að það væri jafnvel hægt að nýta tómar námsmannaíbúðir (til dæmis þær sem eru í Grafarholtinu) undir félagsíbúðir. Þá væri leigan í samræmi við það sem námsmenn leigja og því lítið hærri en sú leigja sem er nú þegar á Akranesi.

Atvinnumál flóttamannana voru ekki nógu góð. Hlutir sem hindruðu atvinnumöguleika þeirra voru skortur á atvinnu og tungumálaörðugleikar svo eitthvað sé nefnt. Því var stungið upp á að í framhaldi af aukinni tungumálakennslu mætti hafa nokkurs konar vettvangsnám þar sem flóttamennirnir fá að fara á íslenskan vinnustað, kynna sér starfsemina og jafnvel hjálpað til ef svo þarf. Með þessu móti er verið að tryggja að þau læri tungumálið fyrr og fá þau þá tækifæri á að kynnast fólki í leiðinni sem hjálpar til við einangrunar tilfinninguna.

Lokaorð

Það tók í kringum þrjá mánuði að gera þessa heimildarmynd og var það ferli mjög strembið.

Í upphafi var hugmyndin að taka viðtöl við allt flóttafólkið en fljótlega kom í ljós að það hefði verið of erfitt og er það líklegra lokaverkefni fyrir mastersgráðu. Mikill tími fór í að texta myndina og klippa hana saman en það kom mér verulega á óvart því aldrei hafði ég gert slíkt áður.

Það kemur fram í heimildarmyndinni að það er brýn þörf á að veita flóttafólki aðstoð, ekki bara þegar það er nýkomið til landsins heldur þarf að vera meiri eftirfylgni í formi fræðslu og handleiðslu til þess að auðvelda þeim að aðlagast samfélaginu.

Ábendingar til þeirra sem eru að íhuga að gera heimildarmynd er að vera vel undirbúinn, að vera með mælanleg markmið og passa sig á að gefa sér nægan tíma því að góðir hlutir gerast hægt.

Ég vil þakka öllum þeim sem hjálpuðu mér við að gera þessa heimildarmynd en án þeirra hefði hún aldrei orðið að veruleika. Sérstakar þakkir fá viðmælendur myndarinnar fyrir að gefa sér tíma til að tala við mig og fyrir að ræða sín persónuleg mál, leiðbeinandi minn Árni Guðmundsson fyrir að aðstoða mig og hafa trú á mér og síðast en ekki síst vil ég þakka Björgvin Harðarsyni sem hjálpaði mér við að klippa myndina saman og fyrir að veita mér faglega ráðgjöf á uppbyggingu heimildarmyndar.

Fylgigögn

Útskriftarnemar við Háskóla Íslands í Tórstunda- og félagsmálafræði héldu málþing þar sem þau kynntu lokaverkefni sín til B.A prófs. Þar voru nemarnir með tíu mínútna kynningu á verkefni sín og voru kynningarnar annað hvort kynntar með glærum eða fyrirlestrum.

En þar sem lokaverkefni mitt er heimildarmynd ákvað ég að búa til kynningu í formi myndbands og fylgir sá bútur með útprentuðu greinargerðinni.

Gott er að skoða hann til að fá innsýn í hvað heimildarmyndin í heild sinni inniheldur.

Heimildaskrá

Amnesty International Report. (2008): Amnesty International Secretariat.

Félagið Ísland Palestína. (e.d.). *Um félagið Ísland-Palestína*. Sótt 15.apríl 2010 af <http://www.palestina.is/fip/index.htm>.

Genfarsamningarnir (2004). Í Gestur Hrólfsson, Hjörtur Bragi Sverrisson og Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir (umsjón með útgáfu). Merk mannúðarlög. Akureyri: Bókaútgáfan Hólar.

Kristján Skúli Sigurgeirsson. (1981). *Pólitískir flóttamenn*. Óbirt masters-ritgerð: Háskóli Íslands, Lögfræði.

Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). *Mannréttindahugtakið*. Sótt 17. apríl 2010 af <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-islam/mannrettindahugtakid/>.

Menntaskólinn Hraðbraut. (e.d.). *Námið*. Sótt 19.apríl 2010 af <http://hradbraut.is/index.php/ninmenu-125>.

Rauði Kross Íslands. (e.d.-a). *Flóttamannastofnun*. Sótt 1.apríl 2010 af <http://redcross.is/id/1000345>.

Rauði Kross Íslands. (e.d.-b). *Hver er munurinn á flóttamanni og hælisleitenda?* Sótt 2.apríl 2010 af <http://redcross.is/id/1000341>.

Rauði Kross Íslands. (e.d.-c). *Tölulegar upplýsingar*. Sótt 7.apríl 2010 af http://redcross.lausn.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/swdocument/1040386/flottamenn_Stats+2006-2008..pdf?wosid=false.

The UN Refugee Agency. (e.d.). *Vernd flóttamanna*. Sótt 10.febrúar 2010 af http://www.unhcr.se/is/Protect/legal_protect_index_is.html.

Vísindavefurinn. (2010, janúar). *Hvað er Samfélag*. Sótt 17.apríl 2010 af <http://www.visindavefur.is/svar.asp?id=5541>.